

Fundur Oddvitanefndar UTU haldinn í fjarfundi föstudaginn 27. nóvember 2020, kl. 08:30.

Mætt voru, Skafti Bjarnason, Halldóra Hjörleifsdóttir, Helgi Kjartansson, Ingibjörg Harðardóttir, Árni Eiríksson og Ásta B. Ólafsdóttir.

Fundinn sátu einnig Jón G. Valgeirsson, Kristófer Tómasson, Ásta Stefánsdóttir, Valtýr Valtýsson, og Eydís Indriðadóttir.

Jón stjórnaði fundi og ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Drög að endurnýjun á samstarfssamningi .

Jón fór yfir vinnu starfshóps sem falið var að vinna málið áfram frá síðasta fundi. Farið var yfir greiningu á föstum kostnaði o.fl. og kynnt efni minnisblaðs sem var tekið saman í þessari vinnu. Þá var farið yfir tillögur að efnisbreytingum á samstarfssamningum frá síðasta fundi og kynnt útfærsla á kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna.

Miklar umræður fóru fram á fundinum um drögin og snérust þær sérstaklega að kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna og þá gagnvart skiptingu á föstum kostnaði.

Samþykkt var að sveitarstjórar allra sveitarfélaganna myndu funda fljótlega um efni samingsins og gera tillögu breytingum sem gætu leitt til sameiginlegar niðurstöðu.

Jafnframt var samþykkt að kostnaðarskipting á árinu 2020 yrði með þeim hætti að 5% af föstum kostnaði af rekstri Seyrustaða, hreinsibifreiðar og þjónustufulltrúa yrði skipt jafnt á milli sveitarfélaganna áður en samnings- og hefðbundin skipting tæki við. Tillögu þessari er vísað til sveitarfélaganna til endanlegrar afgreiðslu.

2. Gjaldskrá Seyrustaða 2021.

Rætt var um gjaldskrá Seyrustaða fyrir árið 2021. Gert er ráð fyrir þeirri breytingu að gjaldskráin verði sett í nafni Hrunamannahrepps á grundvelli fráveitusamþykktar Hrunamannahrepps.

Fundarmenn voru sammála um að gera breytingar á gjaldskrá þannig að móttökugjald hækki um 3,3% á milli ára. Þá voru tekin upp ákvæði varðandi aukalosanir og aðildarsveitarfélögn hvött til að setja sér samræmda gjaldskrá varðandi aukalosanir en gert er ráð fyrir að aðildarsveitarfélögin innheimti gjöld vegna aukalosana beint til sín

Tillaga að gjaldskrá 2021 samþykkt og vísað að nýju til sveitarfélaganna til endanlegrar afgreiðslu.

3. Fjárhagsáætlun 2021.

Lögð var fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 og hún samþykkt með þeim breytingum að gera eigi ráð fyrir 5% skiptingu á milli sveitarfélaganna á föstum kostnaði. Þá var lagt til að fjárfestingu að fjárhæð 6 millj. yrði frestað tímabundið.

Samþykktri fjárhagsáætlun vísað til sveitarfélaganna til endanlegrar afgreiðslu.

4. Skiptayfirlýsing og lóðaleigusamningur vegna Flatholts 2.

Lögð var fram skiptayfirlýsing og lóðaleigusamningur vegna fasteignarinnar að Flatholti 2 á Flúðum. Í skiptayfirlýsingunni koma fram eignarhlutföll aðildarsveitarfélaganna sem eru í samræmi við framlög til fjárfestingarinnar.

Skiptayfirlýsingin og lóðarleigusamningurinn samþykkt og vísað til sveitarfélaganna til afgreiðslu og heimilda til undirritunar.

5. Önnur mál.

Rætt var um næstu skref í verkefninu en þar kom m.a. fram að gott væri að huga að því að skoða svæði á Haukadalsheiði til dreifingar á seyru.

Fundi slitið kl. 10:30.